

# Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar

---

Ársreikningur

---

2010

Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar  
Sigtúni 42  
105 Reykjavík  
Kt. 480673-1159

---

# Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar

---

Ársreikningur

---

2010

## Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar	2 - 3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8 - 14
Kennitölur	15
Sundurliðanir	16 - 17

---

# Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

---

## Starfsemin á árinu

Sjóðurinn gerði samning við Lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga (LSS) um að annast rekstur sjóðsins og tók LSS við rekstri þann 1. mars 2010.

## Iðgjöld

Heildariðgjöld til sjóðsins á árinu 2010 námu 188,6 milljónum króna, þar af nam aukaframlag launagreiðenda 125 milljónum króna. Heildariðgjöld til sjóðsins á árinu 2009 námu 174 milljónum króna og hækka lífeyristekjur um 8,4% milli ára. Greiðendur iðgjalda til sjóðsins voru að meðaltali 142 en 146 árið 2009. Þann 1. júlí 1998 var sjóðnum lokað og hætt að taka við iðgjöldum frá nýjum sjóðfélögum. Þrátt fyrir fækkun sjóðfélaga hækka iðgjaldatekjur milli ára.

## Lífeyrir

Heildargreiðslur lífeyris námu á árinu 223,2 milljónum króna en voru 198 milljónir krónur árið 2009 sem er 12,7% hækkun milli ára. Um síðustu áramót greiddi sjóðurinn 248 (225) einstaklingum lífeyri sem skiptist þannig (tölur innan sviga eru vegna ársins á undan). 177 (159) fengu greiddan ellilífeyri, 44(42) fengu makalífeyri og 27 (24) fengu greiddan örorkulífeyri. Engin umsókn hefur borist um greiðslu barnalífeyris síðustu þrjú ár.

Frá 1. janúar 2005 hafa lífeyrisþegar getað valið hvort lífeyrisgreiðslur þeirra taki mið af svokallaðri eftirmannsreglu eða meðaltalsreglu. Í árslok 2010 fengu 42 lífeyrisþega lífeyri samkvæmt eftirmannsreglu en 170 samkvæmt meðaltalsreglunni, sem fylgir launavísitölu fastra dagvinnulauna opinberra starfsmanna en hún hækkaði á árinu 2010 um 1,9%.

## Fjárfestingar

Árið 2010 voru keypt verðbréf fyrir samtals 630,4 milljónir króna. Keypt voru verðbréf með föstum tekjum fyrir 423,7 milljónir króna. Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum námu 206,7. Ekki voru keypt ný veðskuldabréf á árinu. Sala verðbréfa nam um 482 milljónum króna árið 2010, þar af voru seld verðbréf með breytilegum tekjum 360,8 og seld verðbréf með föstum tekjum 121 milljónum króna.

## Tryggingafræðileg athugun

Tryggingafræðileg athugun á fjárhagsstöðu sjóðsins í árslok 2010 var framkvæmd af Vigfúsi Ásgeirssyni tryggingastærðfræðingi hjá Talnakönnun hf. Samkvæmt þeirri úttekt námu áfallnar skuldbindingar sjóðsins í árslok 2010 8.491 milljónum króna. Á móti þessum skuldbindingum var endurmetin eign til greiðslu lífeyris 3.642 milljónir króna eða sem svarar 57,1% af áföllnum skuldbindingum.

## Ávöxtun:

Nafnávöxtun á árinu 2010 var jákvæð um 6,4% sem samsvarar 3,7% raunávöxtun. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu fimm ára var neikvæð um 0,4%.

Visitala neysliverðs hækkaði úr 356,2 í 365,5 eða um 2,6% á árinu 2010.

## Afskriftir

Á árinu 2010 var formlega gengið frá nauðasamningum Bakkavarar og Exista og fékk sjóðurinn í stað skuldabréfa, sem niðurfærð voru í árslok 2009, hlutabréf og skuldabréf. Stærstu breytingar niðurfærslu á árinu eru vegna þessa.

## Fjöldi starfsmanna og, launagreiðslur og rekstrarkostnaður

Framkvæmdastjóri sjóðsins var í 80% starfi fram í miðjan ágúst 2010. Heildarlaunagreiðslur til hans voru 4,4 milljónir króna. Heildarfjárhæð greiddra stjórnarlauna námu 2,5 milljónum króna og laun til endurskoðunarnefndar námu 0,8 milljónum króna. Rekstrarkostnaður sjóðsins var 19,8 milljónir króna sem er 0,7% af hreinni eign sjóðsins. Rekstrarkostnaður jókst á árinu aðallega vegna þess að greitt er til LSS vegna reksturs sjóðsins frá og með 1. mars og samhliða er greitt til fráfarandi framkvæmdastjóra fram í ágúst 2010.

# Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

## Framtíðarhorfur sjóðsins

Lífeyrissjóðurinn hefur verið starfandi frá árinu 1958 og þeir einir mátt greiða í hann sem starfað hafa hjá Kópavogsbæ eða stofnunum hans. Sjóðnum var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum 1. júlí 1998 og þeir einir sem greiddu iðgjöld til sjóðsins í júní 1998 fengu áfram aðild að sjóðnum. Greiðandi sjóðfélögum fer því fækkandi ár frá ári og mun sú þróun halda áfram samhliða fjölgun lífeyrisþega.

Kópavogsbær ábyrgist lífeyrisskuldbindingar sjóðsins og greiðir árlegt aukaframlag til hans sem er tiltekið hlutfall lífeyrisgreiðslna. Á árinu 2010 nam aukaframlag Kópavogsbæjar 55% af lífeyrisgreiðslum. Fjárhæð aukaframlags mun fara hækkandi vegna hækkunar lífeyris og fjölgunar lífeyrisþegar. Jafnframt greiðir Kópavogsbær allan rekstrarkostnað við sjóðinn sem á árinu 2010 nam 28,3 milljónum króna.


Samkvæmt úttekt tryggingastærðfræðings sem gerð var á árinu 2007 vegna ársins 2006 á greiðslum launagreiðenda og eignum sjóðsins munu lífeyrisgreiðslur fara hækkandi ár frá ári og verða í hámarki á árinu 2030. Miðað við 3,5% ávöxtunarkröfu munu eignir sjóðsins verða uppunar árið 2049 og mun þá bakábyrgð Kópavogsbæjar taka til allra lífeyrisskuldbindinga. Lokun sjóðsins samkvæmt tryggingafræðilegum forsendum er áætluð á árinu 2070.

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á breytingu á hreinni eign sjóðsins á árinu 2010, efnahags hans 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu.


Stjórn og framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2010 með undirritun sinni.


Reykjavík, 18. apríl 2010.


Í stjórn


  
Stjórnarmaður

  
Stjórnarformaður

  
Stjórnarmaður

  
Stjórnarmaður

  
Stjórnarmaður

  
Framkvæmdastjóri

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, skýringar og kennitölur.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Stjórnendur eru einnig ábyrgðir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.


Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu lífeyrissjóðsins á árinu 2010, efnahag hans 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við reglur um ársreikninga lífeyrissjóða, lög um ársreikninga og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 18. apríl 2010.

  
endurskoðandi

# Yfirlit um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris

## Árið 2010

	Skýr.	2010	2009
<b>Iðgjöld</b>	6		
Iðgjöld sjóðfélaga .....		21.216.914	21.685.780
Iðgjöld launagreiðenda .....		42.433.875	43.371.560
Sérstök aukaframlög .....		124.960.951	108.927.338
		<u>188.611.740</u>	<u>173.984.678</u>
<b>Lífeyrir</b>			
Lífeyrir .....	16	(223.189.388)	(198.049.705)
		<u>(223.189.388)</u>	<u>(198.049.705)</u>
<b>Fjárfestingartekjur</b>	7		
Tekjur af eignarhlutum .....	17	2.911.290	4.283.908
Vaxtatekjur og gengismunur .....	18	168.804.539	466.404.094
Breyting á niðurfærslu .....	22	35.273.798	(82.051.190)
		<u>206.989.627</u>	<u>388.636.812</u>
<b>Fjárfestingargjöld</b>	8		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		8.486.438	7.075.521
		<u>8.486.438</u>	<u>7.075.521</u>
<b>Rekstrarkostnaður</b>	8		
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....		19.801.690	16.509.549
		<u>19.801.690</u>	<u>16.509.549</u>
Aðrar tekjur .....		<u>28.288.128</u>	<u>23.585.070</u>
Hækkun (lækkun) á hreinni eign ársins .....		172.411.979	364.571.785
Hrein eign frá fyrra ári .....		<u>2.801.216.365</u>	<u>2.436.644.580</u>
Hrein eign í lok árs til greiðslu lífeyris .....		<u>2.973.628.344</u>	<u>2.801.216.365</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2010

	Skýr.	31.12.2010	31.12.2009
<b>Fjárfestingar</b>	9 - 12		
Verðbréf með breytilegum tekjum .....	19	1.201.162.081	1.305.936.722
Verðbréf með föstum tekjum .....	21	1.468.340.761	1.151.070.568
Veðlán .....	23	137.109.839	160.571.134
Aðrar fjárfestingar .....	24	11.500.000	10.500.000
		<u>2.818.112.681</u>	<u>2.628.078.424</u>
<b>Kröfur</b>	13		
Kröfur á launagreiðendur .....	26	15.869.766	0
Aðrar kröfur .....		68.463.353	521.658
		<u>84.333.119</u>	<u>521.658</u>
<b>Aðrar eignir</b>			
Sjóður og veltiinnlán .....		76.450.504	207.591.297
		<u>76.450.504</u>	<u>207.591.297</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>2.978.896.304</u>	<u>2.836.191.379</u>
<b>Viðskiptaskuldir</b>	14		
Aðrar skuldir .....		5.267.960	34.975.014
		<u>5.267.960</u>	<u>34.975.014</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>5.267.960</u>	<u>34.975.014</u>
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris .....</b>		<u>2.973.628.344</u>	<u>2.801.216.365</u>

# Sjóðstreymi

Árið 2010

	Skýr.	2010	2009
<b>Inngreiðslur</b>			
Iðgjöld .....		104.800.279	181.831.304
Fjárfestingartekjur.....		102.716.855	73.885.687
Aðrar tekjur.....		28.288.128	23.585.070
Afborganir verðbréfa.....		63.634.812	85.896.070
Seld verðbréf með breytilegum tekjum.....		360.794.423	14.609.118
Seld veðskuldabréf.....		0	129.559.934
Seld verðbréf með föstum tekjum.....		121.199.598	1.248.218.343
		<u>781.434.095</u>	<u>1.757.585.526</u>
<b>Útgreiðslur</b>			
Lífeyrir.....		(223.189.388)	(198.049.705)
Fjárfestingargjöld.....		8.486.438	(3.206.671)
Rekstrarkostnaður án afskrifta.....		19.801.690	(20.378.399)
Aðrar útgreiðslur.....		(29.707.054)	0
		<u>(224.608.314)</u>	<u>(221.634.775)</u>
Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu .....		556.825.781	1.535.950.751
<b>Kaup á verðbréfum og önnur fjárfesting</b>			
Kaup á verðbréfum með breytilegum tekjum .....		(206.676.952)	(10.059.371)
Kaup á verðbréfum með föstum tekjum .....		(423.713.366)	(1.752.896.047)
Ný veðlán .....		0	(186.799.453)
Lækkun (hækkun) annarra fjárfestinga .....		(1.000.000)	0
		<u>(631.390.318)</u>	<u>(1.949.754.871)</u>
Hækkun (lækkun) á sjóði og veltiinnlánum .....		(74.564.537)	(413.804.120)
Sjóður og veltiinnlán í upphafi árs .....		207.591.297	621.395.417
		<u>133.026.760</u>	<u>207.591.297</u>

# Skýringar

---

## I) Starfsemi

### 1. Almennt

Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar (LSK) var stofnaður árið 1958. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og hefur til þess fullgilt starfsleyfi, sem gefið var út 8. desember 1998.

Starfsemi sjóðsins felst í rekstri samtryggingasjóðs (nr. 140).

### 2. Sjóðfélagar

Í júlí 1998 var sjóðnum lokað fyrir nýjum sjóðfélögum. Þeim einum sem greiddu til sjóðsins í júní 1998 er heimilt að greiða áfram til hans, enda hafi iðgjald verið greitt til sjóðsins óslitið frá þeim tíma. Þetta eru þeir sem greiddu iðgjöld vegna starfa hjá Kópavogsbæ, stofnunum bæjarins, sjálfseignastofnunum eða félögum skrásettum í Kópavogi sem bæjarfélagið á aðild að og voru iðgjaldaskyldir til sjóðsins.

### 3. Rekstur

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga (LSS) hefur frá 1. apríl 2010 annast daglegan rekstur sjóðsins.

## II) Reikningsskilaaðferðir

### 4. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar fyrir árið 2010 er gerður í samræmi við lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 55/2000 um ársreikninga lífeyrissjóða. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

### 5. Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

### 6. Iðgjöld

Iðgjöld eru færð til tekna þegar skilgreinar hafa borist sjóðnum, óháð því hvort þau eru greidd eða ekki. Ógreidd iðgjöld í árslok eru færð til eignar sem kröfur á launagreiðendur.

### 7. Fjárfestingartekjur

Tekjur af eignarhlutum samanstanda af fengnum arði og breytingu á markaðsverði hlutabréfa, þ.m.t. vegna breytingu á gengi gjaldmiðla.

Vaxtatekjur og gengismunur samanstanda af vaxtatekjum og verðbótum af verðbréfum með föstum tekjum, veðlánnum, bankainnistæðum og ógreiddum iðgjöldum. Einnig af gengismun erlendra skuldabréfa og breytingu á markaðsverði hlutdeildarskírteina.

### 8. Fjárfestingargjöld og rekstrarkostnaður

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaði er skipt á milli fjárfestingargjalda og rekstrarkostnaðar eftir því hvort um er að ræða áætlaðan kostnað við fjárfestingar eða annan rekstur sjóðsins.

Önnur fjárfestingargjöld samanstanda af beinum kostnaði við fjárfestingar sjóðsins.

# Skýringar

## 9. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum samanstanda af hlutabréfum, hlutdeildarskírteinum. Skráð hlutabréf og hlutdeildarskírteini eru færð til eignar á markaðsverði í árslok. Óskráð eru færð til eignar á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði í árslok.

## 10. Verðbréf með föstum tekjum

Verðbréf með föstum tekjum samanstanda af skuldabréfum og öðrum verðbréfum með föstum vöxtum eða tiltekinni vaxtaviðmiðun. Verðbréfin eru færð til eignar miðað við upphaflega kaupkröfu. Í árslok er metin þörf á niðurfærslu og ef hún er talin nauðsynleg þá er bókfært verð fært niður í áætlað markaðsverð.

## 11. Veðlán

Veðlán samanstanda af skuldabréfum með veði í fasteignum. Þau eru færð til eignar með sama hætti og önnur verðbréf með föstum tekjum.

## 12. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í árslok. Gengismunur sem myndast er færður meðal fjárfestingartekna. Miðgengi Seðlabanka Íslands greinist þannig:

	Mynt	Meðalgengi ársins		Gengi í árslok	
		2010	2009	31.12.2010	31.12.2009
Bandaríkjadollar.....	USD	122,04	123,59	127,62	124,90
Evra.....	EUR	161,89	172,67	156,75	179,88
Danskar krónur.....	DKK	21,74	23,19	21,04	24,10
Sterlingspund.....	GBP	188,55	193,89	191,87	201,11

## 13. Kröfur

Kröfur á launagreiðendur og aðrar kröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu.

## 14. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

## III) Sundurliðanir

### 15. Sérstök aukaframlög

Sérstök aukaframlög greinast þannig:

	2010	2009
Hlutdeild Kópavogsbæjar samkvæmt samþykktum.....	122.754.164	108.927.338
Framlag ríkisins til jöfnunar örorku samkvæmt reglugerð.....	2.206.787	0
	<u>124.960.951</u>	<u>108.927.338</u>

# Skýringar

## 16. Líffeyrir

Líffeyrir greinist þannig:

	2010	2009
Ellilíffeyrir.....	166.131.153	147.689.532
Makalíffeyrir.....	37.802.831	34.256.342
Örorkulíffeyrir.....	19.255.404	16.103.831
Barnalíffeyrir.....	0	0
	<u>223.189.388</u>	<u>198.049.705</u>

## 17. Tekjur (gjöld) af eignarhlutum

Tekjur (gjöld) af eignarhlutum greinast þannig:

	2010	2009
Af innlendum hlutabréfum.....	<u>2.911.290</u>	<u>4.283.908</u>

## 18. Vaxtatekjur og gengismunur

Vaxtatekjur og gengismunur greinast þannig:

	31.12.2010		31.12.2009	
	Innlend	Erlend	Innlend	Erlend
Af verðbréfum með breytilegar tekjur.....	44.330.755	2.574.161	0	231.472.611
Af verðbréfum með fastar tekjur.....	95.904.517	0	210.383.106	0
Af veðlánnum.....	9.840.857	0	0	0
Af bankainnistæðum.....	13.940.383	0	23.803.516	0
Af öðrum liðum.....	2.213.866	0	744.861	0
	<u>166.230.378</u>	<u>2.574.161</u>	<u>234.931.483</u>	<u>231.472.611</u>
Samtals.....		<u>168.804.539</u>		<u>466.404.094</u>

## 19. Verðbréf með breytilegum tekjum

Verðbréf með breytilegum tekjum greinast þannig:

	31.12.2010		31.12.2009	
	Innlend	Erlend	Innlend	Erlend
Skuldabréfasjóðir.....	430.327.337	0	409.958.328	0
Hlutabréf 1).....	64.504.289	1.939.976	11.234.239	2.072.397
Hlutabréfasjóðir.....	10.523.183	727.858.871	9.451.189	873.220.570
Niðurfærsla.....	(33.991.575)	0	0	0
	<u>471.363.234</u>	<u>729.798.847</u>	<u>430.643.756</u>	<u>875.292.967</u>
Samtals.....		<u>1.201.162.081</u>		<u>1.305.936.723</u>

1) Eignarhlutdeild í einstökum hlutafélögum er undir 2% og bókfært verð undir 0,5% af hreinni eign til greiðslu líffeyris.

# Skýringar

## 20. Afleiðusamningar

Engir afleiðusamningar eru hjá Lífeyrissjóði starfsmanna Kópavogsbæjar.

## 21. Verðbréf með föstum tekjum

Verðbréf með föstum tekjum greinast þannig:

	31.12.2010		31.12.2009	
	Innlend	Erlend	Innlend	Erlend
Skuldabréf með ríkisábyrgð.....	899.534.421	0	628.735.405	0
Skuldabréf sveitarfélaga.....	485.526.543	0	435.127.935	0
Skuldabréf lánastofnana.....	26.429.801	0	25.012.237	0
Skuldabréf fyrirtækja.....	126.079.019	0	211.189.387	0
Niðurfærsla.....	(69.229.023)	0	(148.994.396)	0
	<u>1.468.340.761</u>	<u>0</u>	<u>1.151.070.568</u>	<u>0</u>
Samtals.....		<u>1.468.340.761</u>		<u>1.151.070.568</u>
Áætlað markaðsverð.....	<u>1.737.901.938</u>	<u>0</u>	<u>533.418.630</u>	<u>0</u>

## 22. Niðurfærsla verðbréfa

Bókfært verð verðbréfa hefur verið fært niður varúðarniðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift, heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni. Breyting á niðurfærslu á árinu greinist þannig:

	2010	2009
Staða í ársbyrjun.....	148.994.396	66.943.206
Hækkun (lækkun) á niðurfærslu.....	(35.273.798)	82.051.190
Staða í árslok.....	<u>113.720.598</u>	<u>148.994.396</u>

Niðurfærsla í árslok greinist þannig:

	31.12.2010	31.12.2009
Skuldabréf lánastofnana.....	23.720.202	25.012.237
Skuldabréf fyrirtækja.....	45.508.821	113.482.159
Aðrar eignir.....	10.500.000	10.500.000
Óskráð hlutabréf.....	33.991.575	0
	<u>113.720.598</u>	<u>148.994.396</u>

## 23. Veðlán

Veðlán greinast þannig:

	31.12.2010	31.12.2009
Veðlán .....	<u>137.109.839</u>	<u>160.571.134</u>
	<u>137.109.839</u>	<u>160.571.134</u>

# Skýringar

## 24. Aðrar fjárfestingar

Aðrar fjárfestingar er fullnustueign Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar í árslok 2010 sem er fókheld einbýlishús að Klettagljúfri 2 Ölfusi, sem sjóðurinn keypti á nauðungaruppboði til tryggingar veittu veðláni frá árinu 2005. Bókfært virði er kaupvirði að fráreginni 50% niðurfærslu að upphæð 10,5 milljónir króna og að viðbættum kostnaði greiddum 2010 kr 1 milljón sem er vegna fráveitulagna.

## 25. Skipting fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

Aðrar fjárfestingar greinast þannig eftir gjaldmiðlum, án áhrifa gjaldmiðlasamninga:

	Mynt	31.12.2010	31.12.2009
Íslenskar krónur.....	ISK	2.088.308.455	1.757.235.955
Bandaríkjadóllarar.....	USD	474.248.234	642.656.888
Evrur.....	EUR	253.610.638	230.563.682
Danskar krónur.....	DKK	1.939.976	2.072.397
Sterlingspund.....	GBP	0	0
		<u>2.818.107.303</u>	<u>2.632.528.922</u>

## 26. Kröfur

Kröfur á launagreiðendur eru vegna ógreiddra iðgjalda.

## 27. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Laun til stjórnar og framkvæmdastjóra greinast þannig:

	2010	2009
Auður Finnbogadóttir framkvæmdastjóri .....	4.410.948	2.630.565
Hlynur Jónsson .....	800.000	376.000
Guðríður Arnardóttir .....	400.000	69.443
Ragnar S. Magnússon .....	400.000	52.082
Guðrún Pálsdóttir .....	360.000	52.082
Gunnsteinn Sigurðsson .....	260.000	19.290
Sigurrós Þorgrímsdóttir .....	120.000	0
Helga Elínborg Jónsdóttir .....	80.000	34.721
Árman Kristinn Ólafsson .....	40.000	69.443
Sigrún Ágústa Bragadóttir framkvæmdastjóri .....	0	6.139.289
Elín Jónsdóttir, verktakalaun .....	0	2.771.370
Gunnar I. Birgisson .....	0	196.671
Jón Júlíusson .....	0	108.022
Ómar Stefánsson .....	0	88.733
Flosi Eiríksson .....	0	88.733
Sigrún Guðmundsdóttir .....	0	106.094
Rita Arnfjörð .....	0	19.290
Hafsteinn Karlsson .....	0	36.651
	<u>6.870.948</u>	<u>12.858.479</u>

# Skýringar

## 28. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Laun endurskoðunarnefndar greinast þannig:

	2010	2009
Hlynur Jónsson .....	332.500	0
Hallgrím Þorsteinsson .....	280.000	0
Sigrún Olgeirsdóttir .....	175.000	0
Ingólfur Arnarson .....	70.000	0
	<u>857.500</u>	<u>0</u>

## 29. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Aðkeypt þjónusta endurskoðenda greinist þannig:

	2010	2009
Endurskoðun ársreiknings .....	3.893.980	2.918.590
Aðstoð við reikningsskil og önnur vinna .....	2.267.923	1.275.000
Innri endurskoðun .....	645.532	376.470
	<u>6.807.435</u>	<u>4.570.060</u>

# Skýringar

## IV) Tryggingafræðileg athugun

30. Tryggingafræðileg athugun miðað við árslok 2010 greinist þannig (í þúsundum króna):

	Áfallin skuldbinding	Framtíðar skuldbinding	Samtals 31.12.2010	Samtals 31.12.2009
Hrein eign til greiðslu lífeyris.....	2.973.628	0	2.973.628	2.801.216
Endurmat verðbréfa.....	109.517	0	109.517	0
Núvirðing verðbréfa.....	0	0	0	135.420
Núvirði framtíðariðgjalda.....	0	558.572	558.572	603.995
<i>Eignir samtals</i>	<u>3.083.145</u>	<u>558.572</u>	<u>3.641.717</u>	<u>3.540.631</u>
Ellilífeyrir.....	5.531.155	1.227.560	6.758.715	7.057.211
Örorkulífeyrir.....	231.943	65.111	297.054	338.939
Makalífeyrir.....	1.280.906	152.867	1.433.773	1.426.455
Barnalífeyrir.....	1.338	0	1.338	1.635
Rekstrarkostnaður.....	0	0	0	0
<i>Skuldbindingar samtals</i>	<u>7.045.342</u>	<u>1.445.538</u>	<u>8.490.880</u>	<u>8.824.240</u>
Eignir umfram skuldbindingar.....	<u>(3.962.198)</u>	<u>(886.966)</u>	<u>(4.849.163)</u>	<u>(5.283.609)</u>
Í hlutfalli af skuldbindingum.....	<u>(56,2%)</u>	<u>(61,4%)</u>	<u>(57,1%)</u>	<u>(59,9%)</u>

Hafa ber í huga að sjóðnum er ekki ætlað að standa að fullu undir réttindum þeim sem sjóðfélögum eru tryggð í reglugerð hans, heldur ber Kópavogsbæ og öðrum launagreiðendum sem greiða til sjóðsins að standa undir hluta útgjalda samanber 23. gr. reglugerðar hans.

# Kennitölur

	2010	2009	2008	2007	2006
<b>Ávöxtun</b>					
Nafnávöxtun.....	6,4%	16,0%	(2,0%)	5,3%	9,1%
Hrein raunávöxtun.....	3,7%	6,8%	(15,7%)	(0,4%)	9,1%
Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal) .....	(0,4%)	2,3%	2,0%	7,0%	6,1%

## Hlutfallsleg skipting annarra fjárfestinga

Verðbréf með breytilegum tekjum, skráð.....	42,7%	49,8%	58,5%	69,2%	62,7%
Verðbréf með breytilegum tekjum, óskráð.....	0,1%	0,1%	0,0%	0,0%	0,0%
Verðbréf með föstum tekjum, skráð.....	45,6%	37,0%	31,9%	22,0%	24,4%
Verðbréf með föstum tekjum, óskráð.....	6,7%	7,0%	2,8%	2,1%	0,7%
Veðlán.....	4,9%	6,1%	6,8%	6,7%	12,2%
	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>

## Hlutfallsleg skipting annarra fjárfestinga eftir gjaldmiðlum

Eignir í íslenskum krónum.....	74,1%	66,6%	64,8%	69,8%	75,0%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum.....	25,9%	33,4%	35,2%	30,2%	25,0%
	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>

## Fjöldi

Fjöldi sjóðfélaga (meðaltal virkra) .....	142	146	155	163	81
Fjöldi lífeyrisþega (meðatal) .....	237	225	224	219	214

## Hlutfallsleg skipting lífeyris

Ellilífeyrir.....	74,4%	74,6%	71,0%	70,3%	71,0%
Örorkulífeyrir.....	16,9%	17,3%	10,7%	10,0%	9,4%
Makalífeyrir.....	8,6%	8,1%	18,3%	19,6%	19,2%
Barnalífeyrir.....	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>100,0%</u>	<u>99,9%</u>	<u>99,6%</u>

## Fjárhagsstaða skv. tryggingafræðilegri úttekt

Eignir umfram heildarskuldbindingar.....	(57,1%)	(59,9%)	(60,6%)	(55,6%)	(70,9%)
Eignir umfram áfallnar skuldbindingar.....	(56,2%)	(59,6%)	(60,5%)	(54,2%)	(53,4%)

## Rekstur

Rekstrarkostnaður í hlutfalli af hreinni eign.....	(0,7%)	0,5%	0,6%	0,5%	0,1%
Lífeyrisbyrði (lífeyrir í hlutfalli af iðgjöldum).....	118,3%	113,8%	183,9%	168,1%	175,7%